

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Gamla höfnin - Alliance reitur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 8. mars 2018, breytingu á deiliskipulagi Vesturbugar fyrir lóðina nr. 2 við Grandagarð, Alliance reit. Í breytingunni felst m.a. stækkun á lóðarmörkum og byggingarreit, aukning byggingarmagns, skilgreining á gististarfsemi á efri hæðum og verslun og þjónustu á jarðhæðum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Víðidalur, C-tröð 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 23. mars 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir Fákssvæðið í Víðidal. Í breytingunni felst að byggt verður yfir tamningaaðstöðu við hesthús að C-tröð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Áland 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 6. apríl 2018 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Áland. Í breytingunni felst stækkun byggingarreits til austurs vegna viðbyggingar einnar hæðar við húsið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 7. maí 2018.*

**Björn Axelsson.**